

19. fundur sveitarstjórnar Fljótsdalshrepps, Végarði , 03.11 2015, kl. 13.30

Mættir voru allir aðalmenn sveitarstjórnar, Anna Jóna Árnarsdóttir, Eiríkur J. Kjerúlf, Gunnþórunn Ingólfssdóttir, Lárus Heiðarsson og Þorvarður Ingimarsson.

Oddviti setti fund og gengið var til dagskrár.

Dagskrá

1. Skýrsla oddvita

2. **Skógarafurðir**, Bjarki Jónsson kynnir fyrirtækið og framtíðarsýn.

3. **Fjallaskarð**, fulltrúar Ferðaklúbbsins 4x4 mæta á fundinn

4. Deiliskipulag Hengifoss

Bréf Skipulagsstofnunar dags. 02.10

5. Drög að samkomulagi um afnot Fljótsdalshrepps af jörðinni Valþjófsstað 1

6. **Sorphirðuútböð**, niðurstaða eftir yfirferð tilboða

7. **Lausamunir Hallormsstaðaskóla**, uppgjör

8. **Tilnefningar í samgöngunefnd SSA**, tilnefna þarf 1 aðalmann og varamann.

9. **Drög að breytingu á samþykktum Ársala bs.**

10. **Tryggingar Fljótsdalshrepps-verðkönnun**

11. **Aðalfundarboð Skólaskrifstofu Austurlands 2015** , tilnefning fulltrúa á fundinn

12. Bréf

a) Afrit af bréfi slökkviliðsstjóra Brunavarna á Austurlandi til Mannvirkjastofnunar dags. 12.10

b) Afrit af bréfi Mannvirkjastofnunar til slökkviliðsstjóra Brunavarna á Austurlandi dags.21.10

c) Gróðrarstöðin Barri ehf 12.10

d) Jafnréttisstofa 12.10

e) EBÍ Brunabót dags. 06.10

13. Umhverfisstyrkir

a) Eiríkur og Matthildur, Arnheiðarstöðum

b) Sveinn Ingimarsson, Sturluflöt

14. Fjárbeiðnir

Stígamót

15. Fundargerðir

- a) Upphéraðsklasinn 28.10
- b) Samtök orkusveitarfélaga 27.10
- c) Brunavarnir á Héraði 15.10 og 18.10
- d) Brunavarnir á Austurlandi 13.10
- e) Félagsmálanefnd 21.10
- f) Byggingar-og skipulagsnefnd Fljótsdalshrepps 22.10
- g) HAUST 14.10

16. Önnur mál.

1. Skýrsla oddvita.

Oddviti var viðstödd viðburð á Egilsstöðum 7. október, er undirritaður var samningur um millilandaflug frá Egilsstöðum til Bretlands.

Oddviti og formaður ferðamálanefndar Fljótsdalshrepps mættu á verkefnafund „Áfangastaðurinn Austurland“ á Egilsstöðum 8. október .

Dagana 20.10-26.10 var oddviti í fríi.

Árna Kristinssyni var falið að fara með umboð Fljótsdalshrepps á aðalfundi HAUST 2015, fundurinn var haldinn í Hoffelli, Hornafirði.

Lárus mætti á fund um niðurstöður sorpútboðs, í veikindaforöllum oddvita.

Kristinn Bjarnason lögmaður Fljótsdalshrepps mætti sem fulltrúi sveitarfélagsins á samráðsfund sem forsætisráðuneytið boðaði til í Rvk. 30. október, vegna vinnu við eigendastefnu um þjóðlendur.

Þjóðskrá hefur gefið út skýrslu um fasteignamat 2016. Skýrsluna má nálgast á heimasíðu Þjóðskrár Íslands.

Sótt var um styrk í Framkvæmdasjóð Ferðamanna, til áframhaldandi uppbyggingar á Hengifossvæðinu.

Umhverfisstofnun boðar til ársfundar náttúruverndarnefnda og Umhverfisstofnunar 2015, í Reykjavík 12. nóvember.

Grand Hotel Reykjavík býður Fljótsdalshreppi að ganga í Gullklúbb hótélkeðjunnar og njóta þar með ýmissa fríðinda s.s. ódýrari gistingar.

Mennta-og menningarmálaráðuneytið hefur sent sveitarfélögum árlega skýrslu „Æskulýðsrannsóknir Ungt fólk“.

Á síðasta veiðitímabili voru unnin 7 tófugreni í Fljótsdalshreppi, 13 grendýr, 30 yrðlingar og 25 hlaupatófur og 3 minkar. Alls var kostnaður 1,3 millj.

Bjarki kom til fundar kl 14.00 og yfirgaf fund um kl 14.45

- 2. Skógarafurðir,** Bjarki Jónsson kynnti fyrirtækið og framtíðarsýn. Rekstur er í þann mund að hefjast. Bjarki leitar til Fljótsdalshrepps um aðstoð til að byggja upp skógarafurðastöð í sveitinni. Sveitarstjórn samþykkir að styrkja Skógarafurði ehf Víðivöllum – Ytri 2 um kr. 5 millj. og verður styrkurinn greiddur í tveimur greiðslum á árinu 2016, helmingur upphæðarinnar verður greiddur 15. jan. og afgangur 15. júní. Gert verði samkomulag við styrkþega þess efnis að fjárhæðin verði endurgreidd ef starfsemi verður hætt innan 3ja ára.

Magnús Guðmundsson og Einar Birgir Kristjánsson fulltrúar Ferðaklúbbsins 4x4 mættu til fundar kl 15.00 og fóru aftur 16.15.

3. Fjallaskarð.

Farið var yfir ýmsar verklegar framkvæmdir er varða Fjallaskarðsskála, rætt um samninginn sem í gildi er milli aðila og hvað megi betur fara.

4. Deiliskipulag Hengifoss.

Bréf Skipulagsstofnunar dags. 02.10. Skipulagsstofnun gerir athugasemdir við tvö atriði í deiliskipulagstillögunni. Önnur athugasemdin varðar menningarmínjar og merkingar þeirra, en Skipulagsstofnun hefur skv. tölvupósti dags. 27.10 2015, fallið frá þeirri athugasemd. Hin varðar kafla 3.3.5 Byggingar og þjónusta. Vill Skipulagsstofnun að sett séu skýrari markmið varðandi byggingar á svæðinu. Fyrir liggur tillaga að texta til að mæta þeirri athugasemd.

3.3.5 Byggingar og þjónusta (eftir breytingu)

Salernishús og bílastæði (sjá mynd 4) er við þjóðveg í landi Mela. Stækka þarf bílastæði og gera stærra upplýsinga- og þjónustuskála með salernum, söluaðstöðu og lítt áberandi aðstöðu fyrir flokkun sorps. Allt þarf þetta að hafa jákvæð áhrif á uppbyggingu ferðaþjónustu í nágrenninu með góðri upplýsingagjöf. Húsið á að falla vel inn í ómannbert umhverfið og möguleiki er að byggja það inn í brekkuna hjá bílastæði. Byggingin skal vera í jarðlitum og við val á byggingarefnum skal leita umhverfisvænna lausna. Húsið skal vera á einni hæð, og hæðarkóti botnplötu skal vera á bilinu 31,5 m – 32 m. Mesta leyfða vegg hæð er fimm metrar og nýtingarhlutfall byggingarreits skal ekki fara yfir 0,5. Húsið verður að vera byggt þannig að möguleiki sé til stækkunar vegna fjölgunar ferðamanna næstu 25 - 30 árin. Gerð er krafa um snyrtilegan frágang í kringum bygginguna. Að öðru leyti skal sækja um leyfi eftir hefðbundnum leiðum með áætlaðar framkvæmdir til uppbyggingar. Ekki er gert ráð fyrir gístaðstöðu innan skipulagssvæðisins.

Sveitarstjórn samþykkir kafla 3.3.5 svo breyttan og felur oddvita að senda deiliskipulagið til umsagnar Skipulagsstofnunar skv. 42 gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

- 5. Drög að samkomulagi um afnot Fljótsdalshrepps af jörðinni Valþjófsstað 1.** Samþykkt að ganga frá samkomulagi við leigutaka jarðarinnar um afnot, ef ásættanleg niðurstaða um leigugjald næst. Afnot sveitarfélagsins eru urðun seyru, aðstaða fyrir ruslagáma og hólf fyrir fjársafn á haustin.
- 6. Sorphirðuútböð, niðurstaða eftir yfirferð tilboða.** Þrjú tilboð bárust frá Yl ehf, Íslenska gámafélaginu og Sjónarás. Lægsta til tilboð er frá Íslenska gámafélaginu og sveitarstjórn samþykkir fyrir sitt leiti að gengið verði til samninga við lægstbjóðanda.

7. Lausamunir Hallormsstaðaskóla, uppgjör. Fyrir liggur tillaga um að heildarverðmæti lausamuna verði kr. 20.494.090- hlutur Fljótsdalshrepps verði kr. 6.278.427- og að auki eigi Fljótsdalshreppur Hobart hrærivél að verðmæti kr. 56.000- . Fljótsdalshérað leysir til sín aðra lausamuni, greiðir Fljótsdalshreppi sinn hlut og sér um tæmingu húsnæðisins og skil til kaupanda, en getur kallað Fljótsdalshrepp þar til aðstoðar, ef með þarf. Sveitarstjórn samþykkir fyrirbyggjandi tillögu. Hrærivélinni hefur verið komið fyrir í Végarði.

8. Tilnefningar í samgöngunefnd SSA

Samþykkt að Lárus Heiðarson verði aðalmaður í samgöngunefnd fyrir hönd sveitarfélagsins og oddviti til vara.

9. Drög að breytingu á samþykktum Ársala bs. Sveitarstjórn samþykkir breytingu á 3. grein samþykktanna, eftir breytingu er greinin svohljóðandi:

Tilgangur. 3. Grein. Tilgangur samlagsins er að byggja, kaupa, eiga og hafa umsjón með leiguhúsnæði til íbúa sem eru 60 ára og eldri á starfssvæði samlagsins og annarsstaðar eftir ákvörðun samlagsins. Samlagið er ekki rekið í hagnaðarskyni og eðlilegan rekstrarafgang skal nota til vaxtar eða viðhalds samlagsins eða til niðurgreiðslu lána.

Oddvita falið að skrifa undir breyttar samþykktir.

10. Tryggingar Fljótsdalshrepps-verðkönnun. Tilboð bárust frá þremur aðilum, Sjóvá, VÍS og TM. Sjóvá býður hagstæðustu kjörin og mun sveitarfélagið því vera áfram í viðskiptum við það fyrirtæki.

11. Aðalfundarboð Skólaskrifstofu Austurlands 2015 , tilnefning fulltrúa á fundinn. Samþykkt að oddviti verði fulltrúi sveitarfélagsins og til vara verður Lárus Heiðarsson.

12. Bréf

- a) Afrit af bréfi slökkviliðsstjóra Brunavarna á Austurlandi til Mannvirkjastofnunar dags. 12.10. Kynnt.
- b) Afrit af bréfi Mannvirkjastofnunar til slökkviliðsstjóra Brunavarna á Austurlandi dags.21.10. Kynnt.
- c) Gróðrarstöðin Barri ehf 12.10. Hvatning til hlutafjárkaupa. Ekki er áhugi að þessu sinni að kaupa hlut.
- d) Jafnréttisstofa 12.10. Beiðni um afhendingu á jafnréttisáætlun ásamt framkvæmdaáætlun. Slíkar áætlanir eru ekki til í Fljótsdalshreppi.
- e) EBÍ Brunabót dags. 06.10. Ágóðahlutagreiðsla Fljótsdalshrepps 2015 er kr. 20.500-

13. Umhverfisstyrkir.

Eiríkur vék af fundi

- a) Eiríkur og Matthildur, Arnheiðarstöðum. Samþykktur hámarksstyrkur.

Eiríkur kom aftur til fundar og Þorvarður vék af fundi. Lárus tók við fundarritun.

- b) Sveinn Ingimarsson, Sturluflöt. Samþykktur hámarksstyrkur.

14. Fjárbeiðnir

Stígamót. Hafnað

15. Fundargerðir

- a) Upphéraðsklasinn 28.10. Kynnt
- b) Samtök orkusveitarfélaga 27.10. Kynnt
- c) Brunavarnir á Héraði 15.10 og 18.10. Kynnt
- d) Brunavarnir á Austurlandi 13.10. Kynnt

Þorvarður kom aftur til fundar og tók við fundarritun.

- e) Félagsmálanefnd 21.10. Kynnt.
- f) Byggingar-og skipulagsnefnd Fljótsdalshrepps 22.10. Liður 1. Endurnýjun á þaki íbúðarhúss í Klúku. Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar og fundargerð kynnt að öðru leiti.
- g) HAUST 14.10. Kynnt.

16. Önnur mál.

- a) Stefnt er að því að halda aukafund í sveitarstjórn 17. okt. nk.
- b) Fljótsdalshérað óskar eftir fundi með sveitarstjórn til umræðu um framtíðarskipulag Brunavarna á Héraði. Samþykkt að funda með Fljótsdalshéraði um málefnið.
- c) Fyrir liggja drög að smávægilegri breytingu á þjónustu og samstarfssamningi við Austurbrú (kennitölu breytt vegna breytingu á staðsetningu samnings innan Austurbrúar) . Samþykkt og oddvita falið að skrifa þjónustusamning svo breyttan.

Fundargerð er rituð í tölvu og er 5 bls. Fundi slitið kl. 19.00

Þorvarður og Lárus rituðu fundargerð.

Gunnþórunn Ingólfssdóttir (sign)

Þorvarður Ingimarsson (sign)

Lárus Heiðarsson (sign)

Anna Jóna Árnarsdóttir (sign)

Eiríkur J. Kjerúlf (sign)